



*Gengið niður í Garða í Grænlandi.*

## *Byggðasafn Reykjanesbæjar ársskýrsla 2004*



*Nokkrar myndir úr myndasafni*



- Hlutverk

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, rannsaka og veita almenningi aðgang að menningararfleifðinni og vekja athygli á henni. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundinni arfleifð sveitarfélaga og taka með þeim hætti þátt í mótun samfélagsins og ímyndar sveitarfélagsins.

<i>Safnkosturinn</i>					
<b>Munasafn</b>	2001	2002	2003	2004	2003/2004
Stærð safnkostsins í færslum	2321	2551	3165	4615	1450
Áætluð stærð til viðbótar				1650	
			<b>smt.</b>	<b>6265</b>	
<b>Myndasafn</b>	2001	2002	2003	2004	2003/2004
Stærð safnkostsins í færslum			12323	25723	13400
Áætluð stærð til viðbótar				370000	
			<b>smt</b>	<b>395723</b>	
<i>Sýningar</i>					
Fjöldi sýninga í lok árs	3	4	2	3	1
fjöldi gesta	551	16102	5400	12842	7442

- Starfsemin

*Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir*

Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson starfsmaður bæði í 100% starfi.

Verkefnaráðir voru:

Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifaskráning frá janúar til aprílloka, í tímavinnu, Ingibjörg Þórarinsdóttir, ljósmyndaskráning og almenn safnstörf frá maí til 1. september, Brynhildur Þórðardóttir, varðveisla textíla, 1. júlí til 15. september, Ásgerður Jóhannesdóttir, ljósmyndaskráning, 1. október og út árið. Þær þrjár síðastnefndu komu inn í sambandi við atvinnuátak bæjarstjórnar í samvinnu við Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja.

- Sýningar

Opnuð var sýningin “Milli tveggja heima” í Gryfjunni í Duushúsum, þann 11. júní 2004, í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá því að safnið opnaði sínar fyrstu sýningar á Vatnsnesi og þess að 10 ár eru liðin frá því að sveitarfélagið Reykjanesbær var formlega stofnað. Sýningahönnuður var Björn G. Björnsson. Fjöldi gesta alls 12394 þar af komu 184 leikskólabörn, en sérstakur viðbúnaður var í húsunum vegna komu þeirra á aðventu.

Stekkjarkot var með auglýstan opnunartíma frá 1. júlí til 31. ágúst, miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 11 til 16 og á öðrum tímum eftir samkomulagi. Fjöldi gesta: 428.

Innri-Njaðvíkurhúsið var opið á frístundarhelgina og síðan eftir samkomulagi út árið. Fjöldi gesta: 20..

*Íþróttaminjasafn Reykjanesbæjar*

Sett voru upp spjöld með ljósmyndum úr sögu íþróttalífs í Njarðvík, í tilefni formlegrar opunar viðbyggingar við Íþróttahúsið í Njarðvík.

- Varðveisla

*Munir*

Staða skráningar við árslok 2004: 4615 færslur í munaskrá. Safnauki ársins 2004 er um 30 gripir.

*Skráning:* Lokið var við skráningu safnauka ársins 2003 smt. 426 færslur. Þá voru samtals 913 færslur skráðar úr fótum safnsins (þ.e. óskráður safnkostur frá eldri tíð). Staðsettir (og endurstaðsettir) voru 4392 gripir að stórum hluta til vegna þökkunar safnsins í Vatnsnesi.

*Myndir*

Staða skráningar við árslok 2004: 25.723 færslur í myndaskrá.

*Skráning:* Lokið var við skráningu og frágangi 13.400 mynda og eru þá 25.723 myndir skráðar í safnið. Lokið var skráningu á flokkuðum myndum og vinna hófst við skráningu óflokkaðra mynda.

- Rannsóknir

Haldið var áfram með fornleifaskráningu í bæjarlandinu og var lokið við að ská fornleifar í landi Innri Njarðvíkur samtals 48 minjastaðir með 60 fornleifum

- **Fundir og ráðstefnur**

Forstöðumaður sótti nokkra fundi Safnaráðs sem varafulltrúi FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnmanna). Þá var forstöðumaður kjörinn formaður FÍSOS til eins árs..

Forstöðumaður og starfsmaður sóttu Farskóla FÍSOS sem haldinn var í Reykjavík. Safnið stóð fyrir fræðslufundi um textíleign safnsins, þar sem Brynhildur Þórðardóttir kynnti vinnu sína og safnkostinn.

Þá sat forstöðumaður aðalfund ferðamálasamtaka Íslands í Stykkishólmi. Sótt var ráðstefna í Norræna húsinu um menningarstefnu, ráðstefnu undir nafninu “creative industries” á Hótel Loftleiðum ásamt ýmsum smærri fundum og kynningum.

- **Endurmenntun**

Forstöðumaður sótti tveggja anna nám við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun og útskrifaðist 18. júní.

Björn Ragnarsson sótti 3 mánaða byrjendanámskeið í tölvunotkun við Miðstöð Símenntunar.

- **Rekstur og styrkir o.fl.**

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun var 13.418.000 hæsti einstaki liður áætlunar var launakostnaður. Styrkir fengust frá eftirtöldum aðilum:

Safnaráð samtals 1.800.000, þar af rekstrarstyrkur kr. 1.500.000, verkefnastykur kr. 300.000,

Eignarhaldsfélag Brunabótafélagsins kr. 300 vegna skráningu ljósmynda. Þá ákvað

Iðnaðarmannafélag Suðurnesja að styrkja Byggðasafnið um kr. 3.000.000 í tilefni 70 ára afmælis félagsins en samstarfssamningur þar að lútandi var gerður, verður styrkurinn greiddur út árið 2005.

- **Samstarfsverkefni**

Áfram var tekið var þátt í verkefninu Destination Viking. Ákveðið var að Johan D. Jónsson sem hafði unnið í verkefninu myndi ljúka þátttöku sinni við gerð skilta fyrir verkefnið. Eftir það var verkefnið alfarið í höndum forstöðumanns og Gunnar Marels Eggertssonar. Í tengslum við verkefnið var farið í vinnuferð til Grænlands og sóttur fundur í Búðardal. Skrifað hefur verið kynningartexti um víkingaskipið Íslending o.fl. til að gefa út í sameiginlegri bók verkefnisins og einnig hafa verið sendar inn tvær þjóðsögur.

- **Stefnumótun**

Lokið var við endurskoðuná stofnskrá safnsins, söfunarstefnu þess, lokið mótun miðlunar og rannsóknarstefnu safnsins auk reglna um útlán safngripa. Allt lagt fyrir Menningar-, íþrótt og tómstundaráð 10. október 2004, samþykkt þar, lagt fyrir bæjarstjórn 19. október 2004 samþykkt.

- **Önnur verkefni**

Töluverðum tíma var varið í vinnu vegna lausnar á húsnaðisvanda Byggðasafnsins. Gerð var þarfagreining, kostnaðarmat og hugmyndafræði fyrir starfsemi á nýjum stað: “opið safn”.

Forstöðumaður kom inn með fræðslu vegna leiðsögumannanámskeiðs sem Miðstöð símenntunar stóð fyrir, þ.e. um sögu Reykjanesbæjar.